

Geðheilsuteymi (GHT) Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

GHT hafa verið í þróun á höfuðborgarsvæðinu frá því 2003, þegar geðteymi var sett á laggirnar innan heimahjúkrunar. Mikil þróun hefur orðið á starfsemi teymisins síðan þá. Í dag er GHT skilgreint sem 2. stigs geðheilbrigðisþjónusta sem sinnir einstaklingum 18 ára og eldri með geðsjúkdóma. Er þá um einstaklinga að ræða sem þurfa meiri þjónustu en heilsugæsla getur veitt og þurfa þverfaglega aðstoð og þéttari eftirfylgd.

Innan geðheilsuteymanna starfa fyrrum notandi, geðhjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, geðsjúkraliði og geðlæknar. Unnið er út frá batahugmyndafræðinni (e. recovery) þar sem þjónustan er sniðin að þörfum og óskum notendanna eftir getu teymanna. Áhersla er lögð á að rjúfa einangrun og auka virkni, samhliða samtals- og lyfjameðferð. Mikill hluti starfseminnar felst því í vitjunum heim sem og viðtölum á starfsstöðvum teymanna.

Í dag eru 2 slík teymi á höfuðborgarsvæðinu, geðheilsuteymi austur og vestur. Stefnt hefur verið að stofnun 3. teymisins (suður teymi) veturinn 2019-20.

Þetta er hluti af því sem kallað hefur verið samfélagsgeðheilbrigðisþjónusta (e. Community Mental Health Services) og hefur verið við lýði sl. 3-4 áratugi í okkar nágrannalöndum. Aukin áhersla hefur verið á slíkri geðheilbrigðisþjónustu hjá hérlendum stjórnvöldum á síðustu árum eins og sjá má glögglega í þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi í apríl 2016.

Nánari upplýsingar um starfsemi GHT má finna í skýrslu samráðshóps um stofnun geðheilsuteyma frá í september 2017.

Opnað var fyrir tilvísanir haustið 2018 í Geðheilsuteymi vestur og nú þegar hafa 90 tilvísanir borist. Tilvísanirnar hafa borist að mestu frá heilsugæslunni og Landspítalanum en einnig öðrum sérfræðingum og stofnunum. Af þessum 90 tilvísunum eru 50 manns í þjónustu og uppvinnsluferli. Í fyrstu voru stöðugildin 4,5 en frá 1. Febrúar síðastliðinn hafa stöðugildin aukist í 5,9.

